



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

### Hag- og upplýsingasvið

#### Sex mánaða uppgjör stærstu sveitarfélaga landsins

Sveitarfélögum er ekki skylt að lögum að birta árshlutauppgjör um rekstur og efnahag. Fjögur stærstu sveitarfélög landsins, Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær og Akureyrarkaupstaður birta engu að síður uppgjör fyrir fyrstu sex mánuði þessa árs.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tekið saman uppgjör þessara sveitarfélaga, en í þeim búa rúmlega 60% landsmanna. Samantekt sambandsins tekur eingöngu til A-hluta starfseminnar, þ.e. þess hluta sem fjármagnaður er að stærstum hluta af skattfé.

Tafla 1. Rekstrarreikningur fyrri hluta árs 2018 og 2017.

Rekstrarreikningur (í þús.kr.)	janúar - júní	janúar - júní	Breyting
	2018	2017	
Skatttekjur án Jöfnunarsjóðs	73.347.515	67.547.988	8,6%
Framlag Jöfnunarsjóðs	6.946.279	6.696.736	3,7%
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	16.849.561	14.800.813	13,8%
<b>Tekjur</b>	<b>97.143.355</b>	<b>89.045.537</b>	<b>9,1%</b>
Laun og launatengd gjöld	50.634.997	46.228.756	9,5%
Breyting lífeyrisskuldbindinga	3.699.767	4.654.146	-20,5%
Annar rekstarkostnaður	32.096.524	28.557.201	12,4%
Afskriftir	3.859.960	3.616.873	6,7%
<b>Gjöld</b>	<b>90.291.248</b>	<b>83.056.976</b>	<b>8,7%</b>
Fjármunatekj. og (fjármagnsgj.)	-2.360.999	-1.264.800	
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>4.491.108</b>	<b>4.723.761</b>	

Heildartekjur þessara sveitarfélaga voru samtals 97,1 ma.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins, samanborið við 89,0 ma.kr. á sama tíma í fyrra, nemur hækkunin 9,1%. Skatttekjur án jöfnunarsjóðs (þ.e. útsvar og fasteignaskattur) hækkuðu um 8,6 %, framlag jöfnunarsjóðs um 3,7% og aðrar tekjur um 13,8%. Til samanburðar má nefna að vísitala neysluverðs hækkaði um 2,4% milli þeirra tímabila sem hér um ræðir (án húsnæðisliðar lækkaði vísitalan um 0,2%) og launavísitalan hækkaði um 6,8%.

Rekstrargjöld jukust úr 83,1 ma.kr. í 90,3 ma.kr. eða um 8,7%. Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 9,5%. Breyting lífeyrisskuldbindinga var tæpum milljarði minni en árið áður. Annar rekstarkostnaður hækkaði um 12,4% og afskriftir um 6,7%. Framlegð (EBITDA) þessara sveitarfélaga batnaði um 1,1 ma.kr. sem þó má rekja að mestu til minni hækkunar lífeyrisskuldbindinga. Fjármagnsliðir voru óhagstæðari og námu fjármunagjöld tæpum 2,4 ma.kr. umfram fjármunatekjur sem er röskum milljarði meira en árið áður.

Rekstarniðurstaðan var jákvæð um 4,5 ma.kr. sem er 4,6% af tekjum, sem er ívið lakari niðurstaða en í fyrra en þá var hlutfallið 5,3%. Rekstrarniðurstaða var engu að síður betri í öllum sveitarfélögum fjórum en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Heildareignir þessara sveitarfélaga námu í júnílok samtals 321,1 ma. kr. og höfðu þær hækkað um 12,2 ma.kr frá áramótum.

Tafla 2. Efnahagsreikningur, lok árs 2017 og júnílok 2018

<b>Efnahagsreikningur (í þús.kr.)</b>	<b>30. júní 2018</b>	<b>31.des 2017</b>	<b>Breyting</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir	236.512.331	231.046.057	2,4%
Áhættufjármunir og langtímakröfur	48.113.917	42.246.980	13,9%
Veltufjármunir	36.496.321	35.641.967	2,4%
<b>Eignir</b>	<b>321.122.569</b>	<b>308.935.004</b>	<b>3,9%</b>
Eigið fé	125.026.625	120.535.516	3,7%
Skuldbindingar	58.521.969	56.369.161	3,8%
Langtímaskuldir	101.404.997	97.205.325	4,3%
Skammtímaskuldir	36.168.978	34.825.002	3,9%
<b>Samtals skuldir og skuldbindingar</b>	<b>196.095.944</b>	<b>188.399.488</b>	<b>4,1%</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>	<b>321.122.569</b>	<b>308.935.004</b>	<b>3,9%</b>

Skuldir og skuldbindingar hækkuðu á sama tíma um 7,7 ma. kr. frá áramótum og námu í júnílok um 196 ma.kr. Nemur hækkunin 4,1% en til samanburðar hækkuðu tekjur um 9,1% og því stefnir í að skuldahlutfall þessara sveitarfélaga lækki frá 2017 til 2018. Þau sveitarfélög sem hér um ræðir tóku ný langtímalán að fjárhæð um 7 ma.kr. og er einkum um að ræða lántöku vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga. Reykjavíkurborg lauk sínu uppgjöri við lífeyrissjóðinn í fyrra.

Tafla 3. Sjóðstreymi fyrri hluta árs 2018 og 2017

<b>Sjóðstreymi (í þús.kr.)</b>	<b>janúar - júní 2018</b>	<b>janúar - júní 2017</b>
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<b>8.694.922</b>	<b>10.701.978</b>
<b>Handbært fé frá (til) rekstri</b>	<b>3.772.330</b>	<b>12.363.542</b>
Fjárfestingarhreyfingar :		
Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum	-11.742.477	-6.516.600
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	721.784	1.300.256
Aðrar fjárfestingarhreyfingar	1.714.127	1.866.557
<b>Fjárfestingarhreyfingar samtals</b>	<b>-9.306.566</b>	<b>-3.349.787</b>
Fjármögnunarhreyfingar :		
Tekin ný langtímalán	7.025.974	8.135.408
Afborganir lána	-3.851.039	-3.147.578
Aðrar fjármögnunarhreyfingar	910.548	530.848
<b>Fjármögnunarhreyfingar samtals</b>	<b>4.085.483</b>	<b>5.518.678</b>
Breyting á handbæru fé	-1.448.753	14.532.433

Veltufé frá rekstri nam 8,7 ma.kr. eða um 9% af heildartekjum, samanborið við 12% í fyrra. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum jukust verulega eða úr 6,5 ma.kr. í um 11,7 ma.kr. og er hækkunin um 80%. Þær eru að hluta til fjármagnaðar af gatnagerðagjöldum og sölu byggingaréttar sem hér eru færð undir liðnum „aðrar fjárfestignarhreyfingar“.

../.